

Námsvísir 2022-2023

9. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari/kennarar: Sunna Guðný Högnadóttir
og Steinunn Alva Lárusdóttir



Gleði – Samvinna – Sjálfstæði

Markmið

Traust kunnáttu í móðurmáli er meginuppistaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á uppbyggingu málsins og efli þannig færni sína í málnotkun og skilningi. Bókmenntirnar og tungumálið eru menningararfur okkar sem ber að rækta vel. Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir íslensku skipt í fjóra flokka en þeir eru talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði en unnið er eftir þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru þar. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-19>

Nám í íslensku á ekki eingöngu að auka þekkingu nemenda á greininni sjálfri heldur einnig að efla þætti sem snúa að nemandanum sjálfum s.s. tjáningu, samvinnu, gagnrýna hugsun, sköpunargáfu og ábyrgð á eigin námi. Með beitingu fjölbreyttra kennslu-, mats- og námsaðferða er stefnt að því að hlúa að þessum mikilvægu námsþáttum.

Kennsluáferð / vinnulag

Skólaárinu hefur verið skipt upp í níu fjögurra vikna lotur. Hverri lotu fylgir lotuáætlun sem skipulögð er út frá þeim hæfniviðmiðum sem verið er að vinna að hverju sinni. Gerð er sú krafa að nemendur fylgi lotuáætlunum og ljúki þeim verkefnum sem þar eru tilgreind. Markmiðið er að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Lotuáætlanir eru birtar inni á Teams og verkefnum er almennt skilað þar inni nema annað sé tekið fram.

Eftir innlagnir frá kennurum vinna nemendur ýmist einstaklingsvinnu, í pörum eða hópum eftir verkefnum.

Námsmat

Beitt verður leiðsagnarmati þannig að nemendur verða jafnt og þétt að vinna sér inn einkunn yfir skólaárið. Vonast er til að nemendur geti nýtt þá endurgjöf sem þeir fá til að efla sig og bæta í námi. Leitast er við að hafa námsmat fjölbreytt og byggir á viðfangsefnum hvarrar lotu fyrir sig. Kennari metur m.a. þátttöku í tíma og virkni nemenda. Námsmatskjali verður deilt með nemendum, foreldrum og forráðamönnum þar sem allir aðilar geta fylgst með námsmati og framvindu námsins yfir skólaárið.

Námsgögn

Gullvör

Málið í mark – sagnorð

Neistar

Með fjaðrabliki

Brennu-Njáls saga

Strákurinn í röndóttu náttfötunum

Ritunarbókin

Ýmis ljóð, smásögur og blaðagreinar

Ýmis önnur verkefni frá kennara